



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 340

Guðmundur Kristjánsson
(1902-1994)

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 340

Guðmundur Kristjánsson

(1902-1994)

Inngangur

Guðmundur er fæddur 18. júlí 1902 að Gíslabæ á Hellnum á Snæfellsnesi, og ólst þar upp. Hann settist að á Siglufirði 1932. Hann setti upp vélsmiðju árið 1938 sem hann rak til margra ára. Hann var listfengur, skar út skrautmuni úr tré og málaði fallegar myndir sem hann seldi. Allur ágóði af verkum hans rann til starfsemi móður Teresu í Kalkútta á Indlandi. Einnig tók hann þátt í að koma upp endurhæfingarhæli fyrir holdsveika í Madras.

Guðmundur tók þátt í samsýningunni „*Einfarar í íslenskri myndlist*“ í Hafnarborg menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar árið 1990.

Árið 2002 var sýning á verkum hans í Bræðsluhúsi Síldarminjasafnsins á Siglufirði. Í grein í Morgunblaðinu frá 18. ágúst 2002 segir að „*Guðmundur sómi sér ágætlega í hópi næfra listamanna, bæði persóna hans, líf og myndverk.*“ Jafnframt segir í greininni að Guðmundur hafi haldið sýningu á myndum sínum árið 1932 á Akureyri og hafi þá heyrt á tal tveggja manna sem hann taldi hafa vit á slíkum hlutum og fundu þeir myndunum ýmislegt til foráttu. En það var til þess að Guðmundur brenndi allar sínar myndir og snerti ekki á að mála fyrr en á efri árum. Í greininni segir jafnframt að á sýningu sem haldinn var í minningu hans á Siglufirði 2002 hafi þrjú af eldri málverkum hans verið til sýnis og báru vitni um hæfileikaríkan málara. Jafnframt segir: „*Það hefði verið áhugavert að sjá hvernig honum hefði tekist til að þróa áfram verk sín hefði hann mætt meiri skilningi. Seinni málverk Guðmundar sýna flest skip að veiðum á heiðríkum góðviðrisdögum, yfir þeim er einstök birta sem einnig virðist hafa ríkt um líf Guðmundar og persónu.*“

Guðmundur var bróðir Helga Kristjánssonar eiginmanns Kristínar Jónsdóttur en safn hennar er í vörslu Borgarskjalasafns og ber númerið E-160 og safn bróðurdóttur hans Kristínar Helgadóttur er nr. E-121.

Skjalaskrá

Kristín Helgadóttir afhenti þessi skjöl til varðveislu á safninu og þarf samþykki hennar varðandi aðgang að safni Guðmundar, það er hins vegar opið eftir hennar dag.

Askja 1

Bréf frá Guðmundi til Kristínar Agnesar Helgadóttur móðursystur hans og Sigríðar Gísladóttur frá Ytra-Skógarnesi.

Bréf frá Kristínu Helgadóttur bróðurdóttur Guðmundar (sjá einkaskjalasafn nr. 160).

Bréf sem tengist búsetu Guðmundar á Siglufirði og sýningu á verkum hans þar.

Smásögur óútgefnar eftir Guðmund skrifaðar á árum 1975-1990.

Frásögn af síldveiðum við Norður-Íshaf 1903 ásamt mynd.

Ljósmyndir, uppskrift af brauði.

Kort með ljósmynd af málverki Guðmundar sem hann málaði 1988 samkvæmt sagnfræðilegri heimild frá 1903 um komu Norðmanna til Íslands í júlí 1903.

Sýningarskrá frá sýningu Guðmundar í Hafnarborg 1990.

Ljósrit af sýningarskrá frá sýningu til minningar um Guðmund í Bræðsluhúsi Síldarminjasafnsins á Siglufirði sem kölluð var „*Vinur lífsins*“.

Grafskrift vegna útfarar Guðmundar frá Fossvogskirkju 21. október 1994.

Blaðaúrklippur :

Um gjöf Guðmundar til Barnaskólans á Siglufirði sem var ljóslækningalampi, stólar o.fl. (1942).

Viðtal í tilefni af 70 ára afmæli Guðmundar í Morgunblaðinu 18.júlí.1972.

Minningagreinar í Morgunblaðinu 21.okt.1994.

„*Minnst með sýningu*“ 19. júlí 2002.

Útprentun á grein í Morgunblaðinu 18. ágúst 2002.

Askja 2

Bréf frá Guðmundi til Kristínar Helgadóttur (*E-121*) og Kristínar Jónsdóttur (*E-160*) og frá þeim til Guðmundar.

Skráð Elín Þórðardóttir, ágúst 2007

Viðbót við safn 23.september 2010

Umslag: Ýmsar myndir.

Skráð í mars 2011,
Gréta Björg Sörensdóttir